

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 28, 12. febrúar 1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. lög nr. 72/1954 og lög nr. 75/1982, um breytingu á þeim lögum, svo og 7. gr. laga nr. 47, 16. maí 1990 og 1. tl. 3. gr. reglugerðar forseta Íslands nr. 77/1990 um breytingu á reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um vetrarveiðar á hreindýrum árið 1991 nr. 519, 4. nóvember 1991.

Umhverfisstjórnuneytið, 21. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

Nr. 77

AUGLÝSING

28. janúar 1992

um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Hafnarfirði:
Stöðvunarskylda verði á Öldugötu gangvart Hringbraut og Lækjargötu.
Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 28. janúar 1992.

Már Pétursson.

Nr. 78

AUGLÝSING

17. febrúar 1992

um staðfestingu á aðalskipulagi Steinsstaða, Lýtingsstaðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. febrúar 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Steinsstaða, Lýtingsstaðahreppi 1990–2010.
Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps.

Umhverfisstjórnuneytið, 17. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Líndal.

Nr. 79

AUGLÝSING

17. febrúar 1992

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. febrúar 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem staðfest var 8. desember 1982.
Breytingin er fölginn í því að í stað blandaðrar byggðar íbúða- og þjónustubyggðar ásamt opnu grænu svæði komi hrein íbúðabyggð og dagvistarstofnun. Opíð grænt svæði færast til og stækkar.